

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands

haldinn miðvikudaginn 27. maí 2026, kl. 13:00 að Dynskálum 8, 850 Hellu

Dagskrá

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara

Ásta Stefánsdóttir, formaður stjórnar, setur fundinn og býður fundarmenn velkomna. Hún leggur til að halda sjálf um fundarstjórn og Ingunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SASS, verði fundarritari og er sú tillaga samþykkt samhljóða.

Ásta Stefánsdóttir tekur við fundarstjórn og kannar lögmæti fundarins.

Mættir eru eftirtaldir fulltrúar með atkvæðisrétt:

Hluthafi	Eignarhlutur í %	Mætt með umboð	Hlutur í %
Byggðastofnun	39,99	Andri Þór Árnason	39,99
Sveitarfélagið Árborg	13,38	Guðm. Ármann Pétursson	13,38
Samtök sunnl. sveitarfélaga	7,28	Ingunn Jónsdóttir	7,28
Hvergerðisbær	3,60	Dagný Sigurbjörnsdóttir	3,60
Rangárþing ytra	3,30	Jón G Valgeirson	3,30
Rangárþing eystra	3,13	Anton Kári Halldórsson	3,13
Bláskógabyggð	1,78	Ásta Stefánsdóttir	1,78
Grímsnes- og		Smári Bergmann	
Grafningshreppur	1,10	Kolbeinsson	1,10
Flóahreppur	0,62	Árni Eiríksson	0,62
			74,18

Samtals:

Samtals mættir fulltrúar tólf eigenda með umboð fyrir 74,18 % hlutafjár og til fundarins hefur verið boðað samkvæmt samþykktum félagsins og hann úrskurðast því lögmætur.

2. Skýrsla stjórnarformanns

Ágætu hluthafar, góðir gestir.

Hér erum við komin saman á aðalfund félagsins okkar sem stofnað var þann 15. desember árið 1999 og þetta er því aðalfundur númer 27 í röðinni.



EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS HF.

Frá síðasta aðalfundi hefur þó nokkur starfsemi verið hjá félaginu og mikið verið rætt hvernig megi auka og efla félagið svo það vinni sem best að sínum tilgangi – þ.e. þeim að „taka þátt í stofnun og starfsemi annara félaga sem eru rekin á grundvelli arðsemissjónarmiða, fela í sér nýmæli í atvinnulífi og eru mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífs á Suðurlandi“. Fjórir stjórnarfundir voru haldnir fyrir áramót vegna kynningar aðila sem leituðu eftir aðkomu félagsins að verkefnum og var ákveðið að fjárfesta í tveimur verkefnum en greiðslur vegna þeirra munu koma fram í ársreikningi fyrir þetta ár. Eins var ákveðið að taka þátt í skuldafjárútboði á vegum HorseDay en fyrir á félagið 2,8% hlut í félaginu.

Eins hefur framkvæmdastjóri verið í viðræðum við fulltrúa félaganna Gufa/Laugarvatn Fontana ehf, Sæbýli (Abalone) hf og VAXA Technologies Ltd varðandi sölu á hlutum EFS í þessum félögum þar sem segja má að þau séu vaxin upp úr því að vera á þeim grunn stigum sem EFS hefur lagt áherslu á að vinna með.

Eins og sjá má í ársreikningi og Ingunn mun fylgja nánar úr hlaði á eftir, sést að tap ársins var 2,6 millj.kr. og að eigið fé félagsins nam 112,7 milljónum.

Það er mikill metnaður í stjórn og hjá framkvæmdastjóra félagsins að efla og auka við virkni félagsins, og verið er að skoða leiðir til þess að auka sýnileika, bæta aðgengi að upplýsingum og styrkja faglega umgjörð en þær hugmyndir verða kynntar með haustinu.

Góðir fundarmenn. Þar sem þetta er mitt síðasta verk sem formaður stjórnar Eignarhaldsfélagsins vil ég að lokum þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn EFS fyrir samstarfið á liðnu ári og árum, sem og starfsmönnum SASS fyrir þeirra framlag að verkefnum sem tengst hafa félaginu.

Fundarstjóri ber skýrslu stjórnar upp til samþykktar og er hún samþykkt samhljóða.

3. Reikningur félagsins fyrir árið 2025

Framkvæmdastjóri fer yfir ársreikning félagsins og kynnir helstu stærðir:

Vaxtatekjur og verðbætur	kr.	3.198.387.-
Afskrift/niðurfærsla	kr.	0
Rekstrargjöld	-	(5.819.523.-)
Niðurstaða, tap ársins	-	(2.621.136.-)

Eigið fé félagsins í lok árs 2025 var kr. 112.748.429.- en skuldir félagsins voru kr. 2.691.319.- Bókfært verð fjárfestinga í sunnlensku atvinnulífi nema samtals kr. 58.694.946.- að teknu tilliti til óbeinnar niðurfærslu á síðustu árum samtals að fjárhæð kr. 34.000.000.-

Fundarstjóri gefur orðið laust.



EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS HF.

Fundarstjóri ber reikninga félagsins upp til samþykktar og eru þeir samþykktir samhljóða.

4. Tillaga um meðferð hagnaðar/taps fyrir liðið starfsár

Tap varð á rekstri félagsins sem fært er á eiginfjárreikning.

Samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár

Tillaga er um að þóknun stjórnar verði til samræmis við það sem samþykkt var á ársþingi SASS sem fram fór í október 2025. Tillaga að þóknun stjórnar er eftirfarandi:

1. Laun stjórnar skulu nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern stjórnarfund og laun formanns 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern stjórnarfund. Fyrir aðra fundi skulu þau nema 3% af þingfararkaupi.
2. Fulltrúar í stjórn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Kosning stjórnar

Vegna nýafstaðinna kosninga hefur stjórn SASS ekki lagt til fulltrúa í stjórn og varastjórn EFS ehf. fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi en mun gera það á aðalfundi SASS þann 25.júní nk. Að öðru leiti er lögð fram tillaga um eftirtalda aðalmenn í stjórn og að fullskipuð stjórn verði samþykkt á auka aðalfundi EFS ehf sem haldin verður samhliða aðalfundi SASS.

Aðalmenn í stjórn:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Selfossi fyrir Byggðastofnun

Andri Þór Árnason, Sauðárkróki fyrir Byggðastofnun

Guðmundur Ármann Pétursson, Sveitarfélaginu Árborg f sveitarfélögin á Suðurlandi

Örn Bragi Tryggvason, Selfossi fyrir Festa lífeyrissjóð

Samþykkt samhljóða.

Tillaga kemur fram um eftirtalda í varastjórn.

Varamenn í stjórn:

Guðbjörg Óskarsdóttir, Sauðárkróki, fyrir Byggðastofnun



EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS HF.

Pétur Ingi Grétarsson, Sauðárkróki, fyrir Byggðastofnun
Bragi Bjarnason, Sveitarfélaginu Árborg fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi
Halldóra Sveinsdóttir, Þorlákshöfn fyrir Festa lífeyrissjóð
Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til aukaaðalfundar.

Aðalfundur EFS ehf. samþykkir jafnframt að núverandi stjórn EFS ehf. haldi umboði sínu fram að auka aðalfundi félagsins.

7. Kosning endurskoðanda

Endurskoðandi félagsins er kosinn.

Price Waterhouse Coopers - c/o Ólafur Gestsson, löggiltur endurskoðandi, Selfossi.

Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál löglega upp borin

Engin önnur mál voru upp borin.

Fundarstjóri óskar eftir heimild til handa fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerðinni og senda hana til hluthafa. Þá er þeim einnig falið að tilkynna nýja stjórn til fyrirtækjaskrár.

Samþykkt samhljóða.

Formaður þakkar fundarstjóra fyrir fundarstjórn, fundarmönnum góðan fund og gott samstarf á liðnu ári.

Fundarstjóri segir fundi slitið kl. 13:30

Ásta Stefánsdóttir, fundarstjóri

Ingunn Jónsdóttir, fundarritari